



Kópavogsbær

Aðgerðaráætlun Menntasviðs 2024

Menntaráð

4 júní 2024

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08.2026



- ✓ Í aðgerðaráætlun fyrir árið 2024 er menntasvið með **36** mælanleg markmið.
- ✓ Af þessum 36 markmiðum eru **26** langtímaverkefni og **10** ný verkefni.
- ✓ Langtímaverkefni taka 1-5 ár í framkvæmd. Fyrir hvert ár fær verkefnið nýtt mælanlegt markmið, mælikvarða, aðgerð og verkliði.
- ✓ Undir hverju mælanlegu markmiði er skilgreind aðgerð með verkliðum ásamt mælikvörðum.
- ✓ Ábyrgðaraðilar verkefna uppfæra stöðu á verkliðum og mælikvörðum eftir framvindu verkefnis.



Menntasvið er með 36 mælanleg markmið fyrir árið 2024

M1 Námsfni sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

11 mælanleg markmið - 10 langtímaverkefni og 1 nýtt verkefni

M2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

8 mælanleg markmið - 4 langtímaverkefni og 4 ný verkefni

M3 Samráð, samvinna, starfsþróun og starfsaðstaða

3 mælanleg markmið - 2 langtímaverkefni og 1 nýtt verkefni.

M4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

7 mælanleg markmið - 5 langtímaverkefni og 2 ný verkefni.

M5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

7 mælanleg markmið - 4 langtímaverkefni og 3 ný verkefni.



M 1.1 Læsishæfni í víðum skilningi

M.1.1.1 Ný læsistefna til 5 ára, ásamt framkvæmdaáætlun, samþykkt og til búin til framkvæmda við árslok 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Vinna við drög að læsisáætlun er á lokastigi og fer í rýni og kynningu á haustmisseri 2024.

M 1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M.1.2.1 Innleiðing Góðs grunns í tveimur nýjum skólum og skýrsla stöðu innleiðingar liggi fyrir í lok árs 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Fjórir skólar hafa hafið verkefnið samkvæmt áætlun, í haust verður kynning á verkefninu fyrir skóla. Jafnframt verið að skoða mælingar á verkefninu.

M.1.2.2 Að minnsta kosta 80% starfsfólks leikskóla sem sátu fræðslu um börn með ADHD einkenni og eða/krefjandi hegðun upplifa að hún nýtist í starfi. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Fræðslan hefur tekið breytingum og er í dag hluti af „nýliðanámskeiði“ sem boðið er uppá fyrir allt nýtt starfsfólk í leikskólum Kópavogs. Farið er í hvernig einkenni ADHD birtast hjá leikskólabörnum og úrræðum sem nýtast vel. Almenn ánægja hefur verið með fræðsluna og verkefnið verður metið á haustmisseri.



M.1 Námsfni sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M.1.2.3 Að 80% starfsfólks sé ánægt með fyrirkomulag stuðnings við starfsfólk leik- og grunnskóla við innleiðingu stefnu um menntun fyrir öll börn (lausnarteymi). Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Leik- og grunnskólum boðinn stuðningur við stofnun lausnarteyma. Spurningarkönnun lögð fyrir stjórnendur leik- og grunnskóla stjórnendur ánægðir með stuðning. Verkefnið verður mælt á haustmisseri.

M.1.2.4 Að minnsta kosti 70% foreldra og að a.m.k. 70% starfsmanna leikskóla sem sátu uppeldisfræðslu upplifa að aðferðir sem farið var yfir séu gagnlegar.

Staðan: Uppeldisfræðsla til starfsmanna gengur vel en hefur tekið breytingum. Uppeldisfræðslan er í dag hluti af fræðslunámskeiði sem kallast „nýliðanámskeið“. Fræðsla til foreldra hefur einnig tekið breytingum. Verkefnið er í þróun og vinnslu.

M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku

M.1.3.1 Byggja upp lýðræðislegt umhverfi og rækta með markvissum hætti hæfni barna til að verða virkir þátttakendur í nútíma samfélagi með fjölgun leikskóla sem eru vottaðir réttindaskólar UNICEF. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Innleiðing réttindaskóla miðar vel áfram, 5 leikskólar fengu viðurkenningu frá Unicef 2022 og 5 leikskólar hófu ferlið 2023 og stefna að viðurkenningu 2025. Starfsfólk/umsjónarmenn sækja námskeið og reglulega fundi ásamt því að vinna með börnum og starfsmönnum jafnt og þétt yfir skólaárið 2023-2024. Í ágúst 2024 munu 5 leikskólar hefja innleiðingu. Stefnt er að því að í lok árs 2024 verði 75% leikskóla orðnir Réttindaskólar eða í innleiðingarferli.



M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku

M.1.3.2 Byggja upp lýðræðislegt umhverfi og rækta með markvissum hætti hæfni barna til að verða virkir þátttakendur í samfélagi með fjölgun um þrjá réttindagrunnskóla sem hefja innleiðingarferli. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: 2 skólar hafa þegar fengið viðurkenningu. 4 skólar eru í innleiðingarferli og stefna að því að fá viðurkenningu í nóvember. Stefnt að því að 2 skólar hefji innleiðingarferli haustið 2024.

M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.1 Tryggja áframhaldandi innleiðingu á stöðumati og eftirfylgni með því fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Allir skólar byrjaði að leggja fyrir stöðumat. 4 skólar komnir vel á veg. Stöðumat tímafrekt, skoða þarf frekari stuðning við skóla sem taka á móti mörgum nýkomnum nemendum.



M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.2 Tillaga að málstefnu verði tilbúin fyrir árslok 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2023.

Staðan: Verið að leggja lokahönd á málstefnu menntasviðs sem verður grunnur undir málstefnu grunnskóla. Á haustmisseri verður unnið að innleiðingu málstefnu í 3-4 skólum.

M.1.4.3 Styðja við fjölbreytt leikskólastarf sem styður við framfarir barna í íslensku með því að halda áfram að innleiða hæfniramma MMS í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og í lok árs 2024 hafi 100% leikskóla hafið innleiðingu. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og sérkennslustjórar hafa allir fengið kynningu um innleiðingu hæfniramma. Leikskólinn Kópahvoll hefur lokið þróunarvinnu á einfaldari útfærslu hæfniramma sem síðan allir leikskólar geta nýtt sér í vinnu sinni við innleiðingu hæfnirammanna. Nokkrir leikskólar hafa nú þegar hafið innleiðingu en aðrir munu hefjast handa í upphafi næsta skólaárs. Innleiðingu verður lokið í lok árs 2024.

M.1.4.4 Bæta líðan og námsvirkni nemenda og þannig draga úr jaðarsetningu þeirra með því að breyta skólastarfi á þann hátt að allir nemendur fái notið sín og séu fullgildir þátttakendur. Nýtt verkefni.

Staðan: Þróunarteymi unnið markvisst að gerð verkefna sem prófuð hafa verið í kennslu. Handbók unnin á haustmisseri.



M.2.1 Samræmt þjónustustig í þágu farsældar barna

M.2.1.1 Tryggja að fræðsla um samþætta þjónustu hafi farið fram hjá dagforeldrum, leikskólum, grunnskólum, frístund, félagsmiðstöðvum og skólahljómsveit (Þriðja árið af fimm í innleiðingu farsældarlaganna). Nýtt verkefni.

Staðan: Fræðslu lokið í öllum stofnunum menntasviðs.

M.2.1.2 Tryggja að tengiliðir vinni frummat í 1. stigs málum til að uppfylla skyldur þeirra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. (Þriðja árið af fimm í innleiðingu farsældarlaganna). Nýtt verkefni.

Staðan: Allir tengiliðir farið á námskeið og unnið frummat.



M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.1 Viðmið um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni tilbúin í ágúst 2024. Annar áfangi við gerð viðmið um forvarnaráætlanir í skóla- og frístundastarfi tilbúna til kynningar í lok 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Lokarýni á fyrsta áfanga mun ljúka í júní 2024 og fer í kynningu og frekari rýni á haustmisseri. Jafnframt lagður grunnur að öðrum áfanga á haustmisseri.

M.2.2.2 Tryggja að eineltisáætlanir í skóla- og frístundastarfi standist samþykkt viðmið Kópavogsbæjar með endurskoðun fyrir árslok 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Verkefni hefur frestast vegna vinnu hjá mennta- og barnamálaráðuneyti sem nú er lokið og vinnuhópur er tekin til starfa á ný. Áætlað er að á haustmisseri verði lögð fram tillaga um tilhögun forvarna og eftirlit með eineltisáætlunum í skóla- og frístundastarfi í Kópavogi.

M.2.2.3 Tryggja að forritið Beanfee sé notað innan skólaþjónustu grunnskóla (atferlisfræðingar og sálfræðingar) til að draga úr hegðunarvanda og til að efla nemendur með fjölbreyttum hætti. Nýtt verkefni.

Staðan: Notkun meðal sérfræðinga hefur ekki enn hafist með markvissum hætti. Atferlisráðgjafar hafa fengið kynningu á hugbúnaðinum. Einn atferlisráðgjafi notar þetta markvisst með börnum í skólunum og heima eins og staðan er núna.



M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.4 Móta verklag milli elstu deilda leikskóla og yngsta stigs grunnskóla í gegnum vináttuverkefnið Blær í tveimur skólahverfum Kópavogs. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Boðaður verður fundur í upphafi nýs skólaárs með fulltrúum leik- og grunnskóla til að forma verklag og samstarf milli skólastiga.

M.2.2.5 Bæta stöðugleika og starfsumhverfi í leikskólum fyrir börn og starfsfólk. Nýtt verkefni.

Staðan: Kópavogsmódelið hefur stuðlað að bættum stöðugleika í leikskólunum. Leikskólar hafa ekki lokað deildum vegna manneklu ólíkt því sem gerst hefur síðustu ár. Með sveigjanlegri skráningu dvalartíma hefur um það bil helmingur foreldra stýtt dvalartíma barna og meðaldvalartími er nú 7,5 tímar á dag, sem áður var rúmlega 8,0 tímar. Dregið hefur úr álagi í upphafi og lok dags. Viðvera starfsfólks með börnum hefur aukist með breytingu á framkvæmd vinnutímastyttingar.

Helstu verkefni sem unnið er að í tengslum við tillögur starfshóps:



Bakvarðasveit:

- ✓ Um áramót voru tveir starfsmenn ráðnir í bakvarðasveit leikskóla. Þeir hafa sinnt afleysingum vegna veikinda á nokkrum leikskólum, bæði tilfallandi og einnig vegna langtímaveikinda. Unnið hefur verið að því að móta verklag fyrir starfsemi bakvarðasveitar í samræmi við þá reynslu sem skapast hefur. Tveir starfsmenn hafa náð að anna beiðnum um afleysingar enn sem komið er.

Leik- og heildarrými barna

- ✓ Unnið er að gerð áætlunar um viðmið um leik- og heildarrými barna í leikskólum Kópavogs í samstarfi við þrjá leikskólastjóra

Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra

- ✓ Tillaga um aukningu stjórnunarhlutfalls aðstoðarleikskólastjóra í mótun.

Þjálfun, velferð og vellíðan starfsfólks

- ✓ Fagtengt íslenskunám – 13 starfsmenn hafa sótt íslenskuþorpið.



M.2.3 Ófullnægjandi skólasókn

M.2.3.1 Að allir skólar í Kópavogi hafi samræmt verklag um íhlutun vegna skólaforðunar og tilkynni um nemendur sem sýna einkenni skólaforðunar í gegnum skráningarkerfið. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá 2022.

Staðan: Búið að móta samræmt verklag. Verklag verið kynnt og allir skólar vinna samkvæmt því.



M.3.3 Framsækið starfsumhverfi

M.3.3.1 Varpa ljósi á stöðu starfshátta í leikskólum með framkvæmd ytra mats fyrir lok sumars 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Framkvæmd ytra mats er nú í formi kannana og reglulegs eftirlits. Ný nefnd mun hittast í ágúst 2024 og ásamt utanaðkomandi aðila til að handleiða áframhaldandi vinnu að ytra matinu.

M.3.3.2 Að 80 % stjórnenda sem eru í verkefninu „Velferð á vinnustað“ telja að verkfæri, fræðsla og stuðningur sem þeir hafa fengið í gegnum innleiðingu verkefnisins hafi gagnast þeim við að takast á við veikindafjarveru starfsmanna. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Innleiðing á verkefninu er langt komin og mun ljúka á haustönn en þá verða allar undirstofnarnir menntasviðs komnar inn í verkefnið. Verkefnið hefur færst undir mannauðsdeild Kópavogs. Verkefnið verður metið í lok árs.

M.3.3.3 Að 80% stjórnenda í leikskólum upplifa að dregið hafi úr álagi á stjórnendur og starfsfólk leikskóla með ráðningu húsumsjónarmanna. Nýtt verkefni.

Staðan: Staða húsumsjónarmanna verður auglýst í vikunni, starfslýsing, útfærsla á skipulagi starfsins og aðbúnaði hefur verið ákvörðuð í samstarfi við umhverfissvið. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf í byrjun nýs skólaárs.



M.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.1 Heildstæð áætlun um snjallvæðingu í námi barna og ungmenna í Kópavogi, ásamt tímasettri aðgerðar- og kostnaðaráætlun, liggja fyrir í lok árs 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022

Staðan: Vinnuhópur er að leggja lokahönd á drög að áætlun um snjallvæðingu sem fer í umsagnarferli meðal allra aðila skóla- og frístundasamfélagsins á haustmisseri.

M.4.1.2 Á árinu 2024 verða persónumiðuð samþættingarverkefni aðgengileg á námsgagnatorgi Kópavogsbæjar í Askinum. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2023.

Staðan: Persónumiðuð samþættingarverkefni eru aðgengi á námsgagnatorgi fyrir þáttökuskóla.

M.4.1.3 Tryggja að allir kennarar á yngsta stigi í grunnskólum bæjarins fái áframhaldandi fræðslu og ráðgjöf við innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2023.

Staðan: Verkefni verður lokið á haustmisseri. Kennarar hafa fengið fræðslu og stuðningsefni. Stuðningsefni er í sífelldri þróun. Verkefnið verður metið á haustmisseri.



M.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.4 Gefin hefur verið út á námskrárvef í stafrænni borgaravitund heildstæð viðmiðunarnámskrá í stafrænni borgaravitund fyrir grunnskóla og frístundastarf. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Vefurinn Vitundin verður gefinn út í ágúst 2024 í samstarfi við MMS. Drög að viðmiðunarnámskrá í vinnslu í samstarfi við Sérfræðinga við Menntavísindasvið.

M.4.1.5 Til staðar verði styðjandi og grípandi heildaryfirlit og styðjandi efni fyrir fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir leik- og grunnskóla og félagsmiðstöðvar. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá árinu 2022.

Staðan: Heildaryfirlit/viðmið frá öðrum þjóðum hafa verið þýdd. Fræðsla fyrir kennara um mynda- og kvikmyndalæsi í samstarfi við KMÍ hafa farið fram og verða áfram í boði.



M.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.6 Eingöngu verði notast við áhættugreindan hugbúnað í grunnskólum Kópavogsbæjar og skólar fái leiðbeiningar og fræðslu til að uppfylla öryggiskröfur í persónuverndarlögum. Nýtt verkefni.

Staðan: Umsóknarferli hefur verið mótað, kynnt og innleitt. Fræðsla hefur farið fram í öllum skólum. Sjáum fyrir endann á áhættugreiningu alls hugbúnaðar, en mikið eftir í vinnu við gerð leiðbeininga sem nú eru eingöngu í örleiðbeiningaformi.

M.4.1.7 Að bjóða upp á miðlæga valgrein í fjarkennslu með blönduðum námsaðferðum í fingrasetningu sem allir grunnskólar geta nýtt fyrir sína nemendur. Nýtt verkefni.

Staðan: Lýsing á valgreininni hefur verið send á skólastjóra til að hafa með í kynningarskrá um valgreinar fyrir næsta skólaár.



M.5.1 Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi

M. 5.1.1 Að þjónustukannanir sem lagðar eru fyrir í félagsmiðstöðvum barna og unglinga sýni að 80% þátttakenda séu ánægðir með starfið og upplifi betri líðan. Nýtt verkefni.

Staðan: Búið er að leggja fyrir þjónustukannanir í flestum félagsmiðstöðvum, auk þess sem lagðar voru fyrir þjónustukannanir til foreldra er varðar starfsemi félagsmiðstöðva, sem var viðbót við verkefnið. Niðurstöður mælinga verða teknar saman í lok árs.

M.5.1.2 Setja fram tillögur um leiðir til að þjónusta notendur íþróttamannvirkja betur í bænum með tilliti til aðgengis að íþróttamannvirkjum og nýtingu þeirra fyrir lok árs. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá 2023.

Staðan: Verið er að kalla eftir upplýsingum frá félögum fyrir nánari greiningarvinnu. Áætlað að verkefnið klárast um áramótin.

M. 5.1.3 Auka þátttöku barna með fötlun í íþróttastarfi, þannig að 10% barna með fötlun í Kópavogsbæ stundi íþrótt/ir. Nýtt verkefni.

Staðan: Undirbúningsvinna í samstarfi við íþróttafélögin hefur verið í gangi. Áætlað er að öll stóru íþróttafélögin í bænum verði með þjónustu í boði í þremur mismunandi greinum.



M.5.2 Lífsgæði íbúa á öllum aldursstigum

M. 5.2.1. Að líðan þátttakenda í Virkni og Vellíðan innan félagsmiðstöðva eldri borgara og leikfimi heima (áður DigiRehab) verði betri, eða eykst um 10% frá síðustu mælingum/könnunum. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá 2023.

Staðan: Niðurstöður viðhorfskönnunar á meðal þátttakenda í Virkni og Vellíðan gefa góðar og jákvæðar vísbendingar um verkefnið. Niðurstöður mælinga um líðan verða teknar saman í lok árs.

M.5.3 Aðgengi og aðstaða til hreyfingar

M. 5.3.1 Lagðar verði fram tillögur um þróun miðstöðvar útináms og umhverfisfræðslu skóla- og frístundastarfs í Guðmundarlundi. Tillögur að útfærslu liggi fyrir við lok árs 2024. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá 2022.

Staðan: 2 leikskólar og 2 grunnskólar vinna að þróunarverkefni til að efla útnám og tengja Guðmundarlund við skólastarf. Staða verkefnis metin í haust og nýtt til að setja fram tillögur að útfærslu.



M.5.4 Stuðningur við ungt fólk 16-25 ára

M. 5.4.1 Að þjónustukönnun sem lögð er fyrir ungmenni í Molanum miðstöð unga fólksins sýni að 80% þátttakenda upplifi betri líðan.

Staðan: Þjónustukannanir verða framkvæmdar. Niðurstöður mælinga verða teknar saman í lok árs.

M 5.5 Frístunda - og íþróttastarf barna með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn

M.5.5.1 Virkni skilgreindra markhópa í frístunda- og íþróttastarfi aukist árlega til loka árs 2026. Viðmiðunarár 2021.

Staðan: Teymi menntasviðs hefur unnið jafnt og þétt í vetur með teymi Kópavogsskóla þar sem nýting á frístundastyrk er lægst á meðal barna í því skólahverfi sem hafa fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Niðurstöður mælinga verða teknar saman í lok árs.